

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 27. janúar 2000

Fundargerð

Á fundinn mættu: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Pétur Pétursson rektor Skálholtsskóla, Jóns Kalmansson og Þorvarður Árnason.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Rætt um samstarf Siðfræðistofnunar og Skálholtsskóla um fundi eða málþing í Skálholti. Ákveðið að stefna að fundaröð í Skálholti undir heitinu *Er málamiðlun möguleg?* þar sem rædd verða siðferðileg/þjóðmálaleg ágreiningsmál á borð við gagnagrunnmálið, kvótamálið, og hálandismálið, með þátttöku fulltrúa þeirra stofnana og samtaka sem að þessum málum koma. Skipaður undirbúningshópur, sem í eru Jón Kalmansson, Pétur Pétursson og Þorvarður Árnason, til að skipuleggja fyrsta fundinn um mánaðarmótin mars/apríl um gagnagrunnmálið. Rætt um það hvaða samtök ættu að eiga fulltrúa á fundinum.
3. Gerð grein fyrir fjárhagsstöðu á verkefnunum Náttúrusýn og Náttúrumál-ráðstefna. Óskað eftir yfirliti yfir fjárhagsstöðuna á megin rekstrarverknúmeri Siðfræðistofnunar.
4. Verkefni vormisseris. Rætt um hugsanlegt samstarf við Siðaráð landlæknis um málþing, annars vegar um greiningar á fósturstigi og hins vegar um sjúkraskrár.
5. Önnur mál. Samþykkt að fela formanni stjórnar að vinna að því að fá Salvöru Nordal í hálfu stöðu á stofnuninni.